

Skrá 16. Torfskurður og móverk

Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafnsins XVI.

Þessi spurningaskrá sem er hin 16. í röðinni, er hin fyrsta af fleirum, sem fjalla munu um torfverk. Er ætlunin að halda síðan áfram með þetta svið og taka næst fyrir torfskurð til bygginga, veggjahleðslu og gerð húspaka, svo og tyrfingu heyja og annað það, sem að torfverkum lýtur.

I. TORFSKURÐUR OG MÓVERK

Torfsturður almennt.

Hvenær var einkum unnið að torfskurði, miðað við mismunandi not (heytorf, húsatorf)? Hvað nefndist verkið (torfskurður, torfrista)? Seldu bændur leyfi til torfskurðar í landi sínu og þá með hvaða kjörum?

Skáru bændur torf til sölu? Var nokkurt ákveðið verð á sölutorfi? Voru einstakir menn öðrum fremur, sem fengust við torfskurð fyrir bændur? Hvað þóttu góð afköst við torfskurð á klukkustund, miðað við sæmilegan (sandlausan) torfvöll?

Hlífðarföt

Höfðu menn sérstök hlífðarföt úr skinni eða öðrum efnum við torfskurð? Lýsið þeim.

Áhöld

Voru mismunandi gerðir af torfljám í notkun (einskeri, tvískeri, ljár með tveimur skammorfum, ljár með einu skammorfi og hring eða haldi í oddi t.d.)? Hvaða gerð var algengust?

Lýsið smíðaefni, smíði, útliti og stærð einstakra ljágerða. Segið frá heitum á einstökum hlutum (skammorf þjó, ljár o.s.frv.). Hvernig var ljárinn festur við skammorfið? Voru sláttuljár notaðir sem torfljár? Lýsið því. Segið frá ljábrýnum. Lýsið dengingaáhöldum (steðja, klöppu). Voru þau heimasmiðuð? Voru þau yfirleitt með í förinni, er skorið var torf?

Torfvöllur

Hvað nefndist bletturinn, sem valinn var til torfskurðar (torfvöllur t.d.)? Hvað nefndist jarðlagið, sem skorið var (torfrista t.d.)? Eftir hverju var einkum farið, er valinn var torfvöllur (yfirborð, jarðlag t.d.)?

Hvernig var þessu lýst í sambandi við notagildi og jarðlag (góð velta, góð rista, rótgott, rótvont torf, mýrartorf, forartorf, vallendistorf, það er stutt í torfinu o.s.frv.)? Hvað nefndist flöturinn, sem torf hafði verið skorið úr (torfpæla eða annað)? Var algengt að skera tvö eða fleiri torflög úr sömu pælu, ef torfrista var góð (seinna lagið t.d. til eldiviðar)? Hvað var efsta lagið kallað (grastorf, grastorfur)? Hvað kallaðist neðra lagið eða neðri lögin (flagatorf, undanflátta, undirrista, undan skera t.d.)?

Torfsturður

Lýsið torfskurði. Lá maðurinn, sem skar, á öðru hné eða báðum við verkið? Þekktist það, að tveir menn skæru torfuna saman (einskeri með tveimur skammorfum eða með hring í öðrum enda)?

Hvað nefndist fyrsta torfa, sem skorin var úr flagi (grasmeri, flagmeri, flagbelgur, flagmóðir, flagmella, mella, móða t.d.)?

Var sambærilegt orð notað, ef skorið var annað torflag úr sömu pælu um fyrstu torfuna (flagmeri t.d.)? Til hvers voru þessar torfur einkum notaðar? Hvað nefndist fláinn (skáskorni,

graslaus kanturinn) á efra borði torfu (skör, flagskör t.d.)?

Hvað nefndist graskanturinn á torfunni (hnakki, grasskör, graskantur t.d.)?

Var miðhluti torfunnar nefndur nokkuð (hryggur t.d.)?

Var breidd á flagskör breytileg eftir jarðlaginu, sem skorið var í (skorið dýpra niður ef rótgott var)? Var það nefnt nokkuð? Hve breið var flagskör að jafnaði móti grasi á efra borði torfunnar?

Hver dró torfið úr pælunni (sá sem skar eða aðstoðarmaður)?

Nefndist það nokkuð? Var torfið sett í hlaða á pælubarminum? Hvernig? Hvað var það nefnt (að bunka t.d.)? Hvað nefndist hlaðinn (torfhraukur t.d.)?

Torfflutningur

Var torfið flutt heim samdægurs og skorið var eða látið þorna (siga í hlaðanum)? Fór það e.t.v. eftir því, til hvers átti að nota það? Lýsið torfflutningi. Hve margar torfur voru lagðar á hest, miðað við þyngd og lengd torfsins, er flytja átti?

Hvað nefndist það, er mörg hross fóru saman undir torfi (torflest t.d.)? Var torf flutt í laupum eða kláfum? Var torf flutt á torfkrókum (barkrókum)? Var torf flutt í móhripum? Voru hestvagnar notaðir við þessa flutninga?

Torfpurrkun

Segið frá þurrkun torfs (þurrkað í breiðu á þerrivelli, á gördum, hringað upp á þurrkvelli t.d.)? Minna örnefni á þurrkun torfs (Torfbali, Torfhóll t.d.)?

Var talað um torfpurrk líkt og t.d. skánarþurrk? Segið frá kröfum varðandi þurrkun á torfi, miðað við mismunandi not.

Torfheiti, torfgerðir o.fl.

a) Heytorf. Hve langt var heytorf að jafnaði? Hve breitt? Þótti vallendistorf óhæft til að tyrfa með hey? Hvers vegna? Var gamalt torf yfirleitt ekki notað til að tyrfa með hey? Hvernig var gengið frá heytorfi til geymslu eða nota, er það losnaði af heyjum?

b) Húsatorf. Hve langt var húsatorf að jafnaði? Var vallendistorf yfirleitt ekki notað til að þekja með hús, ef völ var á mýrartorfi? Var torf skorið til veggjahleðslu? Lýsið því.

c) Eldtorf, eldiviðartorf. Var torf skorið til eldiviðar (til brennslu eða til að fela við eld)? Var gamalt torf notað í sama tilgangi (heytorf t.d.)? Hvar var eldtorf geymt, (með taði í taðstáli t.d.)?

d) Básatorf. Var torf skorið sérstaklega til að tyrfa með fjósþó, árlega? Lýsið því.

e) Bálkatorf. Kunna menn að segja frá því, að torf hafi verið notað í rúmstæði á heimilum (rúmbotnar, rúmbálkar)?

f) Torf til einangrunar. Hvenær var byrjað að nota torf til einangrunar í húsum? Segið frá notum manna af torfi til að verja matavæli skemmdum af frosti. Segið frá öðrum notum af torfi, t.d. í sambandi við að verja skán eða annað eldsneyti gegn vatni. Var torf notað í skipum, er stórgripir eða sauðfé var flutt yfir ár eða um eyjasund? Var torf sett í æðarhreiður á vorin á varpjörðum?

II. REIÐINGSRISTA

Var torfreiðingur almennt notaður við klyfjaflutninga á hestum, eða áttu bændur völ á öðrum gerðum reiðings, t.d. melreiðing, heimafernum eða aðkeyptum? Segið frá því.

Voru sambærileg orð notuð um reiðingsefni í mýri og t.d. torf (reiðingsvöllur, reiðingsrista)?

Seldu bændur reiðingsristu í landi sínu eða skorinn reiðing? Segið frá þeim viðskiptum. Var reiðingur skorinn og seldur til annarra nota, t.d. til einangrunar í húsum?

Voru sérstakir ljáir notaðir til þess að rista með reiðing, eða voru sláttuljáir notaðir til þess eingöngu? Lýsið reiðingsljá. Lýsið reiðingsvelli.

Hvenær var venjulega starfað að því að rista reiðing? Hvað var verkið kallað (að rista, skera reiðing t.d.)?

Var skorið ofan af reiðingsefninu með torfljá? Var það nefnt nokkuð? Hvernig var mælingu (ummál, þykkt) á reiðingsefni háttað (torfu, dýnum, undirlagi)? Var mælt í fetum eða á annan hátt, t.d. höfð sérstök mæligrind (reiðingsgrind)?

Lýsið reiðingsskurðinum sjálfum frá byrjun til þess, er lokið var við að losa úr flagi (pælu)?

Var reiðingnum hlaðið upp við pæluna? Hvenær var hann fluttur heim?

Hvernig var þurrkun háttað? Var reiðingur þurrkaður í hellum eða bólum, ef aðstæður leyfðu? Minna örnefni á það (Reiðingsból t.d.)?

III. MÓR OG MÓVINNA

Var mór almennt notaður til eldsneytis svo langt aftur, sem menn muna? Kunna menn sagnir um mótekju á fyrri tímum? Benda örnefni á mótekju eða móvinnu?

Voru orðin mór og svörður notuð jöfnum höndum um mólagn í jörðu eða aðeins annað þeirra?

Er e.t.v. munur á merkingu þeirra, þar sem þau voru bæði notuð? Lýsið því.

Voru orðin mótak, mótekja, svarðartekja (eða önnur í þeirra stað) notuð um mólagn? Lýsið því.

Var mótekja eitt af því, sem gerði jarðir eftirsóknarverðar sem bújarðir?

Segið frá helstu mótekjustöðum, sem notaðir voru frá ári til árs. Lýsið aðstæðum, jarðlagi ofan á mónum, þykkt þess, svo og móluginu sjálfu.

Hvenær var einna helst unnið að því að taka upp mór? Hvað var verkið kallað (að skera mór, stinga upp mór, taka upp mór o.s.frv.)?

Vann hvert heimili að því út af fyrir sig eða í samvinnu við nágranna?

Voru nokkrir, sem höfðu atvinnu af mótekju, tóku upp mór til sölu? Segið frá þeim viðskiptum.

Tóku bændur upp svipað magn af mór frá ári til árs?

Keyptu menn leyfi til mótekju? Var grafarstæði þá selt ákveðnu verði? Við hvað var miðað (ummál grafar, þykkt mólags t.d.)?

Hvernig var mælt fyrir mógröf (svarðargröf) til sölu eða mógröfum yfirleitt, þar sem margir tóku upp mór í sömu spildu? Var á því fast skipulag, miðað við að nýta landið sem best? Var orðið mókista notað um útmælt land til mótekju og þá e.t.v. um margar mógrafir saman?

Segið frá því.

Hvaða áhöld voru sérstaklega smíðuð til að nota við mótekju (móskeri, mósþaði, torfskeri, móstingur, torfpáll, klofningssþaði, móhríp o.s.frv.)? Lýsið þeim og öðrum áhöldum, sem notuð voru við móvinnu.

Hvað nefndist jarðlagið, sem ryðja (stinga) þurfti ofan af móluginu (grasrót, ofanafstunga, ruðningur, afrof, rof, kalmór o.s.frv.)? Hvað nefndist vinnan við að stinga það upp (að ryðja til mós, ryðja ofan af, stinga ofan af o.s.frv.)?

Hvað nefndist hvítgrá ösku- eða leirlög í mógröfum (tröllaskítur, skessuskítur t.d.)? Lýsið því.

Hvað var gert við ruðninginn, sem stunginn var ofan af mónum (settur í mógröf frá fyrra ári eða ofan í gröfina), er lokið var við að taka upp úr henni móinn?

Hvað nefndist bakkinn milli eldri mógrafar og nýrrar mógrafar (kaldibakki, kalbakki, vatnsbakki t.d.)?

Voru einhver orð um gamla, illa fyllta og hættulega mógröf (stakkagröf t.d.)?

Við hvað var miðað, er rætt var um þykkt mólags eða ruðnings í mógröf (pálstungu, skóflustungu, páltorfu)? Lýsið því.

Hvað nefndist hver einstakur móhnaus (móhnaus, móköggull, svarðarhnaus)? Hver var algengasta stærð móhnauss og hvernig var hann lagaður (hliðar lóðréttar eða hallandi)?

Hvað nefndist fyrsti hnaus, sem stunginn var úr móluginu (matselja, jómfrú, strompur, kobbi t.d.)? Var síðasti hnaus, sem stunginn var í mógröf, nefndur eitthvað (ekkjja, t.d.)?

Þekkist þjóðtrú í sambandi við þetta?

Lýsið vinnunni við að stinga móinn, kasta honum upp á grafarbakkan og hlaða honum í köst. Segið frá verkaskiptingu og hvað einstök verk voru nefnd (að fella móinn, taka frá pálnum, kasta upp, hlaða í köst o.s.frv.). Hvernig var hamlað vatnsrennsli í mógröfina?

Voru mismunandi orð notuð um mó úr mógröf eftir gæðum hans? Hvað nefndist þá góður mór (brandur, silfurmór, steintorf, svartamór, tinnumór t.d.)? Hvað nefndist andstæðan (fauskamór, feyskjumór, freykjumór, frykja, kalmór, lópysja, mópysja, reiðingsmór, rofmór, rosti, ruddi, torfmór t.d.)? Voru sérstök orð notuð um mó með viðarleifum (fauskamór, lurkamór t.d.)?

Hvað nefndist móhlaði við mógröf (móhlaði, móhraukur, móköstur)? Lýsið honum.

Þekktist það, að mórinn væri fluttur á þerrivöll samdægurs og hann var stunginn?

Segið frá mat og matmálmótímum í sambandi við mótekju. Var gefinn sérstakur glaðningur af því tilefni?

Hve lengi var nýstunginn mór látinn standa í kesti til að síga? Var hann þurrkaður hjá mógröfinni eða fluttur um lengri veg á þurrkvöll? Hvernig var hann fluttur á þurrkvöll (borinn á handbörum t.d.)? Eru til örnefni, sem minna á þurrkun mós í nánd við torfgrafir (Móholt, Svarðarholt, Torfholt t.d.)?

Hvernig var unnið að því að kljúfa mó til þurks? Hvað nefndist móköggull, sem gleymdist að kljúfa (holubarn, launkraki t.d.)? Hvað var sagt um það? Hvað nefndist klofinn mór (móflaga, móskán t.d.)?

Var talað um að grinda mó og reisa mó á þurrkvelli? Hvað fólst í því? Segið frá mó á hinum ýmsu stigum þurrkunar. Lýsið aðferðum við að hreykja mó á þurrkvelli. Hvernig var mónum hlaðið upp endanlega og hvernig var hann varinn gegn regni, utanhúss? Greinið frá einstökum orðum og orðasamböndum, er þetta varða og merkingarmun þeirra (so: að buðlunga mó, desja mó, drýla mó, hlaða mó, hreykja mó, smáhreykja mó, kista mó, að setja í raðir, no: móbuðlungur, módes, módrýli, mógalti, móhlaði, mókista, móstrilla, svarðarhlaði, svarðarhraukur o.s.frv.).

Lýsið flutningi á mó (í móhripum, torfkrókum, vögnum o.s.frv.).

Voru sérstök móhús til geymslu á þurrum mó, t.d. í nánd við staðinn, þar sem mórinn var tekinn upp? Voru aðrar mógeymslur til nálægt mógröfum (mókistur, mótóftir)? Lýsið þeim. Hvað nefndist mómysna (hryðja t.d.)?

Lýsið brennslu mós. Var hann notaður einn sér eða með öðru eldsneyti? Hvernig var hann klofinn til brennslu (t.d. með móhníf)?

Var mór notaður til annars en eldsneytis, t.d. einangrunar húsa? Notuðu koparsmiðir móösku, eina sér eða með öðrum efnum, til að móta í kopar?